

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag Lystigarðs Akureyrar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 3. apríl 2007 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag. Í deiliskipulaginu er leitast við að marka ákveðna stefnu til framtíðar fyrir Lystigarðinn á Akureyri sem almennings- og grasagarðs. Deiliskipulagið nær til alls garðsins. Áætlað er að fjarlægja 3 byggingar og byggja eitt kaffihús.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 1. áfanga. Stekkjartún 4-6.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. mars 2007 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í stækkun lóðar um 6 m til austurs og byggingarreits um 4,5 m til suðurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Sandgerðisbótar. Óseyri 4.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. mars 2007 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að braggi á lóðinni er rifinn og nýtt hús byggt á sama stað. Nýr byggingarreitur er 1.500 m² og innan hans má byggja einnar hæðar iðnaðar-, verslunar-, og þjónustuhús þar sem hámarksvegghæð er 5,0 m og mesta hæð húss 7,0 m. Hámarksnýtingarhlutfall á lóð er 0,5.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 24. apríl 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2007